

Fyrsta pílumót PFS gekk vonum frammar



Opna Selfoss pílumótið fór fram í Hvíta húsinu á Selfossi. Mynd: instagram.com/bjorgvinsport

Fyrsta pílumót Pílufélags Selfoss (PFS), Selfoss Open var haldið í Hvíta húsinu á Selfossi síðastliðinn laugardag. Uppselt var á mótið og var stemningin frábær. Sigurvegari mótsins var Kristján Sigurðsson en hann sigraði Karl Helga Jónsson í A-úrslitum 4-2. Alex Dúason sigraði síðan Eyþór Jónsson í b-úrslitum 4-2.

Hæsta útskot í kvennaflokki átti Snædís Ósk Guðjónsdóttir 104. Hæsta útskot karlaflokki átti Siggí Tómm 149.

Eins og fram hefur komið gekk mótið vonum frammar. „64 spilarar tölku þátt og allir skemmtu sér konunglega. Vinnan og undirbúningurinn við svona mót er gríðarlegur, blóð sviti og tár. Við hefðum ekki getað þetta án frábærs stuðnings frá fjöldamörgum fyrirtækjum.

Helst er að nefna Einar Björnsson og Önnu Stellu konuna hans sem eiga Hvíta húsið þar sem mótið fór fram en þau hoppuðu í djúpu laugina með okkur ásamt starfsstúlkunni henni Ingu Magný. Ingibjörg Magnúsdóttir og Vítur Charrua Kastinu Hafnarfirði, þúsund þakkir fyrir að gera þetta með okkur. Einnig ber að þakka Húsasmiðjunni Selfossi, Vélsmiðju Suðurlands, Reykjavelli, Lagsarnir ehf, Raf-lagnapjónustu Selfoss, Karli Guðmundssyni úrsmiði, Tómasi Þóroddssyni hjá Kaffi Krús, Menam, Matarlyst, Miðbarnum, Góu sælgætisgerð, Árvirkjanum og B59 Hótelu ásamt sjálfboda-liðum PFS. Hlökkum til sö sjá sem flesta aftur á Selfoss Open 2023,“ segir í tilkynningu frá PFS.

Rekstrarhalli Árborgar umfram áætlun

Bæjarráð Árborgar fjallaði um níu mánaða rekstrar-uppgjör sveitarfélagsins á fundi ráðsins sem haldinn var nýlega.

Eftir fyrstu 9 mánuði ársins 2022 hleypur rekstrarhalli Sveitarfélagsins Árborgar á 2.393,8 milljónum króna eða rétt tæplega 2,4 milljörðum. Samþykkt fjárhagsáætlun ársins 2022 gerði ráð fyrir halla upp á 2.164,7 milljónum króna og eru því frávik í aðalsjóði neikvæð um 229,1 milljónir króna.

Rekstrarstaða Sveitarfélagsins Árborgar er, líkt og hjá öðrum sveitarfélögum, erfið í ljósi hækkandi verðbólgu og vaxta. Uppgjörið sýnir það greinilega og tekur öll vinna bæjarfulltrúa

og starfsmanna í dag og við fjárhagsáætlun 2023 mið af því.

Líkt og sjá má á töflu í vef-frétt inni á DFS.is fær sveitarfélagið um 232 millj. kr. í skatttekjur umfram áætlun sem er jákvætt. Á móti eru neikvæð frávik upp á um 263 milljónir í fjármagnsgjöldum og 214 milljónir í fræðslu- og uppeldismálum. Frávik annarra málaflokka eru mun lægri.

Stefna nýrrar bæjarstjórnar er að allir málaflokkar séu innan árlegrar fjárheimilda til framtíðar. Samhliða vinnu við fjárhagsáætlun 2023 er unnið að 10 ára fjármálastefnu sveitarfélagsins og er stefnt að því að kynna hana á næstu vikum.



**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

**Bókatíðindin þást hjá okkur
— ókeypis!**



UPPLESTRARKVÖLDIN VINSÆLU HEFJAST 1. DES.

AUSTURVEGI 22, SELFOSSI



Bókakaffið




Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is -  /keyrsla.is



Veiðiréttur í Fossá í Þjórsárdal

Skeiða- og Gnúpverjahreppur auglýsir eftir tilboðum í leigu að veiðirétti í Fossá og Rauða í Þjórsárdal. Í veiðiréttinum felst hagnýting og skylda til að ráðstafa veiði í ánni til almennings. Leigutímabilið er frá árinu 2023 til og með ársins 2026.

Um er að ræða tvö veiðisvæði, annars vegar ofan Hjálparfoss og hins vegar neðan Hjálparfoss. Veiðisvæðin verða aðeins leigð út til eins aðila skv. samningi þar um.

Um veiði í ánni fer eftir lögum og lax og silungsveiði nr. 61/2006.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps á netfanginu: haraldur@skeidgnup.is.

Óskað er eftir tilboðum og skal þeim skilað í lokuðu umslagi á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eigi síðar en kl. 11 hinn 6. desember næstkomandi. Tilboðin verða opnuð eftir kl. 11 sama dag.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Umfangsmikil ferðapjónusta í Kerlingarfjöllum

Mikil uppbygging á sér nú stað í Kerlingarfjöllum þar sem fyrirtækið Fannborg ehf byggir nú upp umfangsmikla ferðapjónustu. Þrátt fyrir umfang framkvæmdanna er haldið fast í þann anda sem frumbyggjar starfs í Kerlingarfjöllum sköpuðu og taka húsin og uppbygging öll mið af landslagi og hefðum á svæðinu.

Framkvæmdir hafa gengið af skaplega vel og nú er risið nýtt hótél og smáhýsi í Ásgarði auk þess sem hús sem þarna voru fyrir hafa fengið nýtt hlutverk og mörg hver nýja staðsetningu. Verða stærstu húsin tengd með gangi neðanjarðar sem eykur

þægindi gesta. Í hótelinu og tilheyrandi smáhýsum er gistirými fyrir um 150 gesti sem einnig geta notið þess að dvelja í annarri af tveimur glæsilegum svítum hótelsins. Einmuna veðurbliða hefur lengt mögulegan framkvæmdatíma verulega en nú vinna í Ásgarði hátt í 30 manns við uppbygginguna á hálendismiðstöðinni sem í framtíðinni mun skapa á annan tug starfa.

Í Kerlingarfjöllum má njóta einstakrar náttúru enda hefur mögnuð náttúran, hverasvæðið, fjöllin og öræfin dregið að sér fjölda ferðamanna í áratugi. Í Kerlingarfjöllum má finna þriðja stærsta háhitasvæðið á há-

lendinu. Hæstu fjöll á svæðinu eru um 1200 til 1500 metra há og hefur orðið mikil aukning í gönguferðir um svæðið. Með nýrri og betri aðstöðu fyrir gesti í Kerlingarfjöllum má búast við að enn betur fari um þá sem sækja svæðið heim um leið og gætt er að umhverfissjónarmiðum í hvívetna.

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, Jón Bjarnason, oddviti og Hannibal Kjartansson, veitustjóri heimsóttu Ásgarð í Kerlingarfjöllum í liðinni viku og kynntu sér uppbygginguna sem er sú mesta sem nú á sér stað í Hrunamannahreppi.



ÞEKKTU RAUÐU LJÓSIN
 SOROPTIMISTAR HAFNA OFBELDI

25. nóvember – 10. desember

112 

Þekktu rauðu ljósin 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi 2022

„Þekktu rauðu ljósin - Soroptimistar hafna ofbeldi“ er í ár slagorð íslenskra Soroptimista í hinu alþjóðlega 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Átakið sem leitt er af Sameinuðu þjóðunum hefst 25. nóvember á degi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi og því lýkur á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna 10. desember. Um allan heim sameinast hin ýmsu samtök í því að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi með margvíslegum hætti. Roðagylltur litur er einkenni átaksins, en hann á að tákna bjartari framtíð.

Soroptimistaklúbbur Suðurlands tekur fullan þátt í átakinu með sunnlenskum sveitarfélögum og ýmsum öðrum aðilum á Suðurlandi sem af þessu tilefni flagga appelsínugulum fánum á

almannafæri.

Markmið 16 daga átaksins að þessu sinni er að beina athyglinni að forvörnum og fræðslu og hafa Soroptimistar útbúið fræðsluefni um hinar ýmsu myndir ofbeldis sem flokka má í sex flokka: andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, stafrænt ofbeldi og eltiðhrellingar. Ekki er alltaf auðvelt að átta sig á því að um ofbeldi sé að ræða í samböndum fólks en það getur átt sér stað óháð kyni, aldri og kynhneigð. Íslenskir Soroptimistar, sem eru nú um 600 í 19 klúbbum, hvetja alla til að kynna sér málefnið, fræðast og leggja sitt af mörkum til að stöðva ofbeldi. Soroptimistastystur munu þessa 16 daga vekja athygli meðal annars með því að

klæðast roðagylltum fatnaði, selja ýmsan varning og birta greinar og fræðsluefni. Roðagyllti liturinn verður áberandi á byggingum víða um land og einnig á sendiráðum Íslands víða um heim.

Sunnlenskum Soroptimistastystur er hugleikið af þessu tilefni að styrkja SIGURHÆÐIR – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi sem núna hafa verið starfræktar á Selfossi í rúmt eitt og hálft ár. Eins og í fyrra verða appelsínugulir blómvendir seldir til styrktar SIGURHÆÐUM á meðan á átakinu stendur. Einnig er hægt að leggja inn styrktarframlög á bnr. nr. 0325-1400047, kt. 620210-1370 eða nýta sér styrktarmöguleika inni á heimasíðunni sigurhaedir.is.

BLACK FRIDAY

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
Í VERSLUN OG NETVERSLUN
MIÐVIKUDAG TIL MÁNUDAGS
AFSLÁTTURINN ENDAR 28. NÓV. KL. 24.**

**AFSLÁTTARKÓÐI Á
TISKUVERSLUN.IS ER
BLACK20**

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



AÐVENTUHÁTÍÐ FEBSEL

Miðvikudaginn 7. desember 2022 kl. 14:00 á Hótel Selfossi

Dagskrá:

- Hugvekja, séra Dagur Fannar Magnússon í Skálholti
- Söngur, Barna- og unglingakór Selfoskirkju undir stjórn Edit A. Molnár
- Leiklestur, LEIKHÓPURINN OKKAR sem Magnús J. Magnússon stýrir
- Söngur, Hörpukórinn undir stjórn Stefáns Þorleifssonar

Veitingar: Kaffi, te, skinkubrauðerta, rækjubrauðerta, súkkulaðikaka, kleinur og volg eplakaka með rjóma, verð 3.200 krónur.

Stjórn Félags eldri borgara Selfossi



Vilt þú verða hluti af liðsheild HSU?

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) var stofnuð 1. október 2014 í víðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins.

HSU starfrækir 9 heilsugæslustöðvar á 10 starfsstöðvum, tvö sjúkrahús og þrjú hjúkrunarheimili auk allra sjúkraflutninga í umdæminu.

Á stofnuninni vinna um 700 metnaðarfullir starfsmenn í 500 stöðugildum. Unnið er í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á hagsmuni skjólstæðinga og fjölskyldna þeirra.

Framtíðarstarf á nýjasta hjúkrunarheimili landsins



Móberg er nýtt og glæsilegt hjúkrunarheimili HSU, sem senn verður opnað á Selfossi. Allur aðbúnaður er eins og best verður á kosið.

Við leitum að hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og ófaglærðum sem þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða fjölbreytt störf á skemmtilegum og metnaðarfullum vinnustað, þar sem lögð er áhersla á einstaklingsbundna umönnun íbúa, fagmennsku, umhyggju og virðingu fyrir skjólstæðingum.

Umsóknir á starfatorg.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

FAGMENNSKA - VIRÐING - SAMVINNA

Risavaxin verksmiðja veldur ólgu hjá íbúum Þorlákshafnar



Það var margt um manninn á kynningarfundum Heidelberg Materials í Versölum í Þorlákshöfn á þriðjudaginn 15. nóv. Það skal engan undra, íbúar eru uggaði vegna þeirra áförmis fyrirtækisins að byggja risavaxna verksmiðju við hafnarbakkann á 55 þúsund fermetra lóð.

Óhætt er að segja að þær upplýsingar sem fram komu á fundinum voru ekki til þess fallnar að kveða niður áhyggjuraddir. Heidelberg sér til að mynda ekki fyrir sér að gerlegt sé að færa verksmiðjuna annað hér í Ölfusi enda starfsemin þess eðlis að hún þarf að vera við höfnina vegna kostnaðar við að flytja fullunnið efnið langar vegalengdir og hefur Heidelberg þegar verið úthlutað síðustu lóðum við höfnina. Því er ljóst að fyrirtækið hefur ekki áform um annað en að reisa verksmiðjuna á umræddum lóðum, við höfnina og bæjarmörkin, við vinsælt útivistarsvæði íbúa og gesta, við golfvöllinn og nánast ofan í íbúabyggð.

Á fundinum komu áhyggjuraddir íbúa skýrt fram en óhætt er að segja að mörgum spurningum sé enn ósvarað. Spurningum um hvernig efnið verði flutt ofan úr þrengslum, til að mynda, hefur ekki verið svarað, spurningum um hvað verður um tröllvaxna verksmiðjubýgginguna verði starfsemi hætt er líka ósvarað og spurningum um útlit verksmiðjunnar hefur ekki verið svarað að öðru leyti en því að hún verði risavaxin.

Hver metur hvenær hagsmunum íbúa er fórnað?

Fulltrúa D lista hafa látið frá sér yfirlýsingu þess efnis að ekki komi til greina að fórna hagsmunum íbúa. Það er mat undirritaðra að slík yfirlýsing sé undarleg í ljósi þess að fyrirtækinu hefur þegar verið úthlutað lóðum undir starfsemin. Það er engum blöðum um það að fletta að ef af verður verði hagsmunum íbúa fórnað, þó ekki sé nema vegna umhverfissýssins sem sjálf byggingin er og staðsetning hennar, sárum sem mokstur fjalla munu skilja eftir sig í þrengslum og ónæðinu af flutningi efnisins ofan úr þrengslum fyrir íbúa. Þetta er fyrir utan hættuna á umhverfissýssum, á hljóð og umhverfismengun og öðru sem starfsemi af þessu tagi hefur óhjákvæmilega í för með sér. Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Náttúrufræðistofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hafa þegar látið í ljós áhyggjur af fyrirhugaðri framkvæmd og telja, meðal annars, framsetningu loftslagsávinninga námuvinnsunnar, eins og hún birtist í nýlegri umhverfismatsskýrslu Eden Mining (sem reyndist reyndar ólögleg), í besta falli misvísandi.

Fjölmeiri tækifæri framundan
Sveitarfélagið Ölfus er ekki á flæðiskeri stítt hvað varðar uppbyggingu atvinnulífs og á næstu árum verða til fleiri störf en samfélagið hér ræður við að manna eins og staðan er í dag, þá sér-

staklega í tengslum við stærðarinnar uppbyggingu á landeldi. Sú uppbygging mun einnig skila sveitarfélaginu miklum tekjum og því átta undirritaðar sig ekki á þeirri vegferð sem D listinn er í. Skynsamlegra væri að eiga lóðirnar áfram og nýta fyrir aðra hafnsækna og fjölbreytta starfsemi, fyrirtæki sem jafnvel gætu boðið fleiri störf á hvern fermetur en eins og fram kom á fundinum eru um 60-80 störf sem fylgja verksmiðjunni á 55 þúsund fermetrum. Til samannburðar þá er Rammí með um 60 störf á 10 þúsund fermetrum og Skinney með um 50 störf á 3500 fermetra lóð í Þorlákshöfn.

Engin stefna í atvinnumálum

Í Ölfusi er ekki til stefna um uppbyggingu atvinnulífs, engin atvinnustefna. Nú er lag að ganga í að móta slíka stefnu með virkri þátttöku íbúa, líka barna og ungmenna, sem hér búa og munu eiga sína framtíð í sveitarfélaginu, ef okkur fullorðna fólkinu ber gæfa til að gera það áfram byggilegt. Það er íbúa að ákveða hvert skal stefna, ekki þeirra örfáu sem skipa meirihlutann hverju sinni. Eðlilegra er að bæjarstjórn vinni saman að því að framfylgja atvinnustefnu sem mótuð er af íbúum, enda hlutverk bæjarstjórnar að þjónusta íbúa sem best.

Hingað og ekki lengra

Í lok fundarins fór af stað undirskriftasöfnun sem segir:

Undirrituð skora á bæjarstjórn Ölfuss að hætta öllum viðræðum við Heidelberg Materials um að reisa byggingar og vinnslu á þeim lóðum sem búið er að úthluta og falla frá stórtækum hugmyndum um frekari námuvinnslu í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Öll sem eru sammála því að rétt sé að falla frá viðræðum eru hvött til þess að skrifa undir þessa áskorun. Undirskriftalistann er hægt að finna á Facebook-síðu Íbúalistsins.

Ása Berglind Hjálmarsdóttir og Hrafnhildur Lilja Harðardóttir



Sigurjón Vídalín Lýðsson er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.

Oft gengur mis vel að elda mat fyrir börnin okkar sem allir elska en hér er ein uppskrift sem hefur virkað einkar vel, fékk þannig nafnið Pabbabrauð.

Hið vinsæla Pabbabrauð

Hvað þarf?

Gott nautakjöt (Krónan er með gott úrval af nauti sem kostar ekki annan handlegginn)

Beikon - Ég tek alltaf frá Ali Sósus - Krakkarnir velja Kokteilsósu og Bernaise meðan foreldrarir elska að bæta við Shriracha sósu

Gott kál - Veljum oftast svokallaða kálvendi sem eru mjög góðir til brúks

Gott brauð - Hér má leika sér t.d. með súrdeigsbrauð, sem m.a. Krónan selur eða t.d. Kornstöng, sem þá er skorin í tvennt þ.e. tvær samlokur úr einni.

Ólífu olía - Þessi er lykill hér þ.e. Steikarolían þeirra er notuð á t.d. brauðið og Ólífuolía á Nautið

Flögusalt og pipar



svartann lit (ekki of samt) en þegar það er tekið af grillinu þá eru beikonin sett í þurrk í t.d. eldhúspappír. En þannig verður beikonið vel stökkt. Því næst er brauðið grillað, en þá set ég Steikarolíu á hverja sneið ásamt flögusalti. Þetta gerir brauðið bragðbetra og stökkara. Að endingu er Nautið grillað, en það er auðvitað misjafnt hvað hver og einn vill hér, en ég vel að grilla það ekki lengi því kjötið hér á klakanum er það gott hráefni. Nautið tek ég svo og sker niður í þinnur, og þá er komið að því að krydda með flögusalti og pipar sem og að glúða létt yfir með Ólífuolíu. Þetta gefur kjötinu enn meira bragð.

Þegar hér er komið sögu er næst bara að raða saman, oftast er sósa sett neðst, því næst beikon, þá kál og svo kjöt en svo toppað með annað hvort annarri sósu eða kokteil aftur. Þessu má svo skola niður með einhverju góðu, kannski er malt og appelsín gott með, hver veit.

Vonandi munu einhverjir prófa þetta og ef svo njótið. Ég ætla svo að skora á hina dásamlegu tengdamóður mína, Ingunni Lenu Bender, en hún er annáluð í eldhúsinu og hefur gert marga geggjaða rétti m.a. handa mér.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.



Karлакór Selfoss

Opin jólaæfing á Risinu

Mánudagskvöldið 28. nóvember kl. 20 verður opin æfing á Risinu, í nýja miðbænum á Selfossi. Þar munu kór-

félagar æfa jólalögin sem flutt verða á jólatónleikum kórsins í desember. Öll velkomin á meðan húsrúm leyfir.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheiti: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Einvígi var á því háð, er í truck og rútum. Efsta lagið oft er snjáð, alltaf tvö á skútum.

Svar við gátu í blaði 2675: **LEIÐI**

1. **Leiði** í kirkjugarði - 2. **Leiði**, þungt skap
3. (l) **Eiði**, sveitabær - 4. **Leiði**, í byr til siglinga



BJARTIR DAGAR

24. nóvember - 4. desember

Allt að 50% afsláttur
af völdum vörum

Skráðu þig á viðburðinn
á facebook og þú gætir
unnið Cozze pizzaofn



Litaráðgjöf

með Jóhönnu

Föstudaginn 25. nóv - BYKO Selfossi 12-17

3 fríar litaprufur

VIRKIR DAGAR

8-18

LAUGARDAGA

10-16

SUNNUDAGA

12-16

Nýtt

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

19. nóvember - 23. desember

BÚSAGA - BÚNAÐARSÖGUSAFN KYNNIR:

DAGATAL 2023

HÍÐ ÓMISSANDI DAGATAL BÚSÖGU NÚ FYRIR ÁRIÐ 2023 ER KOMIÐ Í SÖLU Á AÐEINS 3.000 KR. LJÓMANDI MYNDIR ÁSAMT LÝSINGU Á DRÁTTARVÉLUM OG SÖGU ÞEIRRA ALLT FRÁ 1918.

Tilvalin jóla- eða tækifærissgjöf. Sendum í pósti um allt land. Sendingarkostnaður aðeins frimerki samkæmt gjaldskrá Íslandspósts. Greiðslubeiðni birtist í heimabanka - Einfaldara getur það ekki verið.

Pantanir berist í síma 894-9330 eða á busaga@simnet.is




Jóhannes Hreiðar Símonarson ráðinn framkvæmdastjóri Auðhumlu

Jóhannes Hreiðar Símonarson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Auðhumlu svf. og hefur störf fljótlega á nýju ári. Hann tekur við starfinu af Garðari Eiríkssyni.

Jóhannes starfaði lengi sem ráðunautur hjá BSSL og færði sig síðan yfir til Arion banka og var meðal annars útíbússtjóri hjá Arion banka á Hellu. Frá 2020 hefur Jóhannes verið framkvæmdastjóri Umhverfis-

og tæknisviðs Uppsveita bs.

Auðhumla er samvinnufélag í eigu um 500 mjólkurframleiðenda um land allt. Auðhumla hefur það hlutverk að taka við mjólk frá félagsmönnum sínum og umbreyta í mjólkurafurðir sem eru seldar á markaði á Íslandi og erlendis. Það gerir félagið með aðkomu sinni og eign í Mjólkursamsölunni ehf. Auðhumla er móðurfélag Mjólkursamsölnnar ehf.



VERIÐ VELKOMIN TIL SAMVERA Í SELFOSSKIRKJU

Þriðjudagssamvera

Síðasta þriðjudagssamveran fyrir jól verður 29. nóvember kl. 14. Andrúmsloftið verður heimilislegt að vanda og kaffið heitt og gott. Gestur samverunnar að þessu sinni verður Valdimar Bragason, fyrrum prentari og kirkjuvörður. Verið hjartanlega velkomin.

Sorgarsamverur á aðventunni: Að ganga á fund áfalla, sorgar og missis

Boðið verður upp á fjórar vikulegar samverur í Selfosskirkju fyrir þau sem glíma við áföll, sorg og missi.

Fyrsta samver verður mánudaginn 28. nóvember kl. 17:30

Hver samvera stendur í klukkustund og hefst með stuttu innleggi áður en tækifæri gefst til að eiga þar rými til að viðra reynslu sína og tilfinningar í gegnum samtal og gagnkvæman stuðning.

Umsjón hafa sr. Axels Njarðvík héraðsprestur og Guðmundur Brynjólfsson djákni.

Óskað er eftir skráningu fyrirfram hjá sr. Axel, 856 1574 í axel.arnason@kirkjan.is eða Guðmundi djákna í 899 6568/gummimux@simnet.is.

Allir eru velkomnir og ekkert þátttökugjald.

Jól í Húsinu á Eyrarbakka

Bókaupplestur, jólalög og jólasýning Hússins

Byggðasafn Árnesinga býður upp á notalega jólastemningu á aðventunni. Upplestur rithöfunda og skálda, bókastund fyrir börn, þjóðleg jólalög og jólasýning Hússins. Jólaandinn verður á Eyrarbakka! Á torginu fyrir framan Húsið verður jólatorg þar sem markaðsstemning verður allsráðandi.

Jólasýning Byggðasafns Árnesinga verður opin frá 13:00 – 17:00 helgarnar 26.-27. nóv., 3.-4. des. og 10.-11. des. Elsta jólatré landsins og gamalt jólaskraut. Opin músastigasmíðja alla daga. Aðgangur ókeypis.

Skáldastund. Sunnudaginn 27. nóvember kl. 16:00 lesa höfundar úr nýútkomnum verkum sínum. Í ár heimsækja Húsið þau Kristín Svava Tómasdóttir, Þór Stefánsson, Kristín Eiríksdóttir, Einar Kárasen og Elísabet Jökulsdóttir.

Bókastund fyrir börnin. Laugardaginn 3. desember kl. 14:00 koma Bergrún Íris Sævarsdóttir og Gunnar Helgason í skemmtilega heimsókn. Við lofum fjörugum upplestri!

Bakkadrottningin. Laugardaginn 10. desember kl. 14:00 verður Kristín Bragadóttir í Húsinu og kynnir bók sína um Eugeníu Nielsen (1850-1916) sem var potturinn og pannan í framfara- og menningarlífi héraðsins á sinni tíð.

Þjóðleg jólastemning. Sunnudaginn 11. desember kl. 16:00 kemur Eyjólfur Eyjólfsson tenórsöngvari með langspil og verður með jólalega efnisskrá í stásstofunni.

Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.



Opnunartímar: 1. maí – 30. sept. alla daga kl. 10–17 eða eftir samkomulagi | sími: 483 1504 & 483 1082 info@byggdasafn.is | www byggdasafn.is



BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA

Flóaskóli bar sigur úr bítum í Eftirréttakeppni grunnskólanna

Fulltrúar Flóaskóla, þær Ásdís Eva, Júlía Kolka, Svandís og Þórunn Eva, gerðu sér lítið fyrir og sigruðu í Eftirréttakeppni grunnskólanna 2022 sem haldin var í samstarfi við Klúbb matreiðslumeistara og Iðunnar fræðslusetur.

Keppt var í gerð eftirréttar; liðakeppni

þar sem gert er ráð fyrir fjórum þátttakendum frá hverjum skóla en meginmarkmið keppninnar er að nemendur hafi bæði af henni gagn og gaman auk svölíttillar starfsfræðslu.

Stelpurnar sýndu mikinn metnað við undirbúning keppninnar og liggur mikil

vinna að baki, en stelpurnar eru búnar að æfa sig, þróa uppskriftirnar og framsetningu réttanna í margar vikur undir góðri leiðsögn Iðunnar Ýrar heimilisfræðikennara.

Þær báru fram skyrköku með kanilbotni og karamelluseruðum kókos, panna

cotta með hvítu súkkulaði og kartöflukaniilköku með rjómaostakremi, en kartöflurnar tóku þær með sér úr Flóanum. Glæsilegur árangur hjá þeim en þær fengu aukastig fyrir samvinnu og frumleika.

Myndir: Eydís Rós Eyglóardóttir



TIL HAMINGJU **STOKKSEYRINGAR**,
ÞIÐ GETIÐ NÚ TENGST!

LJÓSLEIÐARINN GERIR
ALLT MÖGULEGT MÖGULEGT

LJÓSLEIÐARINN



Talmeinafræðingur

Staða talmeinafræðings við Leikskólann Bergheima og Grunnskólann í Þorlákshöfn er laus til umsóknar. Um er að ræða 50% stöðu og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar 2023. Fyrir í starfi er talmeinafræðingur í 50% starfi við skólana og mun nýr starfsmaður vinna í nánu samstarfi við núverandi talmeinafræðing (teymisvinna).



Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Vinna að snemmtækri íhlutun í málþroska og stuðla þannig að fyrirbyggjandi aðgerðum sem komið geta í veg fyrir langvarandi námsvanda.
- Veita ráðgjöf til foreldra og starfsfólks um málþroska og frávík í málþroska og leiðir til að efla hann.
- Þátttaka í þverfaglegri vinnu í leik- og grunnskóla.
- Koma að móttöku barna með annað tungumál.
- Gera málþroska- og framburðargreiningar og sinna þjálfun og eftirfylgd.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í talmeinafræði er skilyrði en leyfi til að starfa sem talmeinafræðingur er æskilegt.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni til að sinna fræðslu og ráðgjöf til foreldra- og starfsmannahópa.
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg.

Umsóknarfrestur um starfið er til og með 1. desember 2022.

Nánari upplýsinga veita: Guðni Pétursson sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs gudni@olfus.is 480-3800 og Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri grunnskólans olina@olfus.is eða í síma 861-1732.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Áhugasamir einstaklingar, án tilliti til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Ölfuss <https://www.olfus.is/>. Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá.

Deildarstjóri óskast á heimili fatlaðs fólks

Deildarstjóri óskast í 80% starf á heimili fatlaðs fólks að Selvogsbraut 1 í Þorlákshöfn. Starfað er samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, nr.38/2018. Unnið er á þrískiptum vöktum. Hlutverk deildarstjóra er m.a. að bera faglega ábyrgð á daglegri þjónustu við sérhvern notanda sem býr í íbúðakjarnanum í samræmi við einstaklingsáætlanir og skilgreind markmið heimilisins. Deildarstjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi á heimilinu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ber ábyrgð á daglegri starfsemi í íbúðakjarnanum.
- Skipuleggur og samhæfir starfsemina í samræmi við kröfur.
- Veitir ráðgjöf til íbúa og starfsmanna og heldur utan um fræðslu.
- Ber ábyrgð á gerð og framkvæmd einstaklingsáætlaða í samstarfi við forstöðumann og íbúa.
- Gerð og uppfærsla verklags í samvinnu við forstöðumann.
- Framfylgir hlutverki og markmiðum starfsstöðvar í samræmi við kröfulýsingu.
- Er staðgengill forstöðumanns.
- Önnur verkefni skv. starfslýsingu og sem yfirmaður felur starfsmanni.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýttist í starfi er kostur svo sem þroskaþjálfamenntun eða önnur menntun á sviði mennta- eða félagsvísinda.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.
- Frumkvæði, sjálfstæði og lipurð í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hreint sakavottorð er skilyrði.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 2. desember nk. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf 1. janúar nk. Umsóknnum skal skilað rafrænt á www.olfus.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kolbrún Jóhannsdóttir, kolbrun@olfus.is eða í síma 483-3844.

Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áhersla á góðan starfsanda á vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Sveitarfélagið Ölfus

Miðbær jólaanna lifnar við

Fjöldi fólks safnaðist saman í miðbæ Selfoss síðastliðið fimmtudagskvöld þegar kveikt var á jólaljósunum í bænum. „Þetta var í fyrsta sinn sem Miðbær jólaanna hefur fengið að láta ljós sitt skína almennilega eftir heimsfaraldur og það komu eiginlega miklu fleiri en við bjuggumst við sem er alveg frábært. Þórir Geir og Alexander Freyr spiluðu fólk inn í jólahátíðina, Barna- og unglingakór Selfosskirkju söng nokkur lög áður en Fjóla bæjarstjóri hélt stutta tölu og taldi niður í tendrun jólaljósanna ásamt gestum.

Það er fullt af viðburðum

á stefnuskránni í miðbænum á aðventunni og verður frábær jólastemning allar helgar í desember með tónlistaratriðum og skemmtilegum uppákomum. Jólaveinarnir verða duglegir að heimsækja okkur en þeir koma til byggða þann 10. desember og mæta þeir þá á Brúartorg með sínum einstaka hætti sem við Selfyssingar þekkjum og söknuðum mikið sl. 2 ár. Sviðið verður svo með nokkra jólatónleika allan desember sem byrja einmitt núna á morgun, föstudag, með Stuðlabandinu,“ segir Elísabet Ósk Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri hjá Sigrún Þróunarfélagi.



Sóknarfæri í nýsköpun

Kynningarfundur á netinu 30. nóvember kl.13:00-14:00

Sóknarfæri í nýsköpun er átta vikna sunnlenskur viðskiptahraðall þar sem áhersla er lögð á verkefni sem tengjast orku, mat og líftækni, ferðaþjónustu og skapandi greinum.

Hraðlinum verður stýrt af Svövu Björk Ólafsdóttur stofnanda RATA sem jafnframt leiðir kynningarfundinn.

Hraðallinn er ætlaður frumkvöðlum, nýjum fyrirtækjum og nýsköpunarverkefnum innan rótgróinna fyrirtækja á Suðurlandi sem eru komin af hugmyndastigi og vilja nýta Sóknarfæri í nýsköpun til að komast lengra með sín verkefni.

Teymin hitta reynslumikla leiðbeinendur, frumkvöðla, fjár-

fasta og stjórnendur fyrirtækja á Suðurlandi og víðar á ráðgjafafundum, sitja vinnustofur og fræðslufundi og mynda sterkt tengslanet sín á milli.

Hraðallinn fer fram að mestu leyti á netinu en teymin hittast fjórum sinnum meðan á hraðlinum stendur á vinnustofum á völdum stöðum á Suðurlandi.

Kynningarfundur um hraðalinn verður haldinn í netheimum þann 30. nóvember nk. og eru allir áhugasamir hvattir til að mæta og heyrja allt um verkefnið – skráning fer fram á: <https://fb.me/e/2GTWkKYLD>

Verkefnið er samstarfsverkefni www.sass.is og www.hfsu.is, styrt af Lóu nýsköpunarsjóði landsbyggðarinnar og Sóknaráætlun Suðurlands.



Persónulegar JÓLAGJAFIR



Það stýttist í jólin!

Kíktu á hönnunarvefinn okkar og búðu til persónulegar jólagjafir.

- Myndalbúm
- Dagatöl
- Jólakort

honnun.prentmetoddi.is



Þjóðum einnig upp á tilbúin dagatöl og dagbækur.

Fyrir þau sem ætla að vera skipulögð á árinu er Framkvæmdabókin góður kostur.

prentmetoddi.is/vefverslun



Íþróttir



Hinn ungi og efnilegi Birkir Hrafn Eyþórsson átti mjög góðan leik. Á myndinni má sjá Styrmi Jónsson samgledjast Birki eftir leik. Myndir: Selfoss karfa/BRV

Það er ungt og leikur sér

Selfoss fékk Ármann í heimssókn í Gjána í föstudaginn sl. í 1. deild karla. Fyrir leikinn voru liðin jöfn að stigum, hvort um sig með 4 sigra, en Selfoss hafði tapað fjórum, sem var einum leik meira en Ármennningar höfðu lotið í gólf. Því var ljóst að búast mátti við jöfnum og spennandi leik. Sem varð raunin, því 8 sinnum var jafnt og 9 sinnum skiptust liðin á forystu, eingöngu þó fyrstu fimm og síðustu fimm mínútur leiks.

Jafnt var á öllum tölum í upphafi en frá 4. mínútu og allt fram á þá 34. leiddi Selfossliðið, þó aldrei meira en 10-12 stigum. Ármennningar komust yfir, 68-69 þegar 5 mínútur voru eftir, en heimamenn gerðu vel á lokakaflanum og tryggðu ánægjulegan sigur, 87-81. Greinilegt að leikmenn hafa ekki látið nýjustu vendingar í hópnum skemma fyrir sér gleðina, þegar annar tveggja reynslubolta liðsins hvarf fyrirvaralítið á braut, heldur blásið út kassann og „klárað

dæmið“ á tvísýnum lokamínútum.

Það er ánægjulegt að sjá í leikmannahópi Selfoss þrjá stráka úr 2006 árganginum okkar og tvo fædda 2005. Flestir hinna eru líka um eða undir tvítugu. Og það er ekki leiðinlegt að segja frá því að bæði stiga- og framlagshæsti leikmaðurinn okkar í þessum leik er aðeins 15 ára: Birkir Hrafn Eyþórsson skoraði 22 stig, skaut 6/9 af þriggjustigafæri, tók 4 fráköst, stal 2 boltum, gaf 2 stoðsendingar og skilaði 25 framlagsstigum. Ekki dónalegar tölur það!!!

Fleiri ungir stríðsmenn í okkar liði halda áfram að gera það gott. Arnaldur Grímsson var næst framlagshæstur leikmanna með 22 punkta, 20 stig, flotta skotnýtingu og 6 fráköst, og Ísak Júlíus saumaði 21 framlagspunkt úr 14 stigum, 4 fráköstum og 7 stoðsendingum. Magnaðir strákar, alveg hreint, Arnaldur nýrðinn tvítugur og Ísak 19 ára, og eiga bara eftir



Ísak Júlíus var öflugur.

að bæta sig, enda skilar rúmur spilatími framförum, eins og al-kunna er.

Okkar eini gamalreyndi leikmaður, Gerald Robinson, fiskaði á svipuðum slóðum og unglingarnir, átti góðan leik; 21 í framlag, 20 stig, 3 stoðsendingar og 12 fráköst. Dusan vex með hverjum leik, 6 stig og 5 fráköst á 11 mínútum, Kennedy skoraði 3 og Ísar Freyr 2 stig, 3 frk. og 3 sts. og 7 í frl.

Hjá Ármenninum var Austin Bracy stigahæstur með 17 stig, Illugi Steingrímsson skoraði 15, Arnór Hermannsson 14 og gaf 9 stoðsendingar og William Thompson setti 12 stig.

Það er forvitnilegt að skoða tölfræðisamanburð liðanna í deildinni. Selfossliðið hefur skorað að meðaltali næst flest stig allra liðanna (93,7) og fengið á sig næst fæst stigin (85,6), sem bendir til þess að liðið sé að gera eitthvað rétt bæði í vörn og sókn. Þá er ánægjulegt að sjá að liðið ver enn heimavöll sinn, og hefur tækifæri til að hækka sigurlutfallið í Gjánni í 5/0 í næsta leik föstudaginn 25. nóvember þegar það mætir Fjölni.

Selfoss karfa

Haustmót í hóp fimleikum á Selfossi og á Egilsstöðum

Haustmót í hóp fimleikum, Hýngri flokka, var haldið tvær síðastliðnar helgar. Fyrri hluti mótsins var haldin á Selfossi 12.-13. nóvember og seinni hluti á Egilsstöðum 19.-20. nóvember. Fimleikadeild Selfoss sendi 6 lið til keppni á þetta mót. Á Selfossi kepptu þrjú lið í 4. flokki og eitt lið í kk yngri, á Egilsstöðum kepptu tvö lið í 3. flokki og eitt lið í 2. flokki. Liðin stóðu sig öll vel, sýndu flottar æfingar og gleðin var mikil.

Á Egilsstöðum var árangurinn einstaklega góður þar sem lið 1 í 3. flokki lenti í fyrsta sæti af 19 liðum og í lið Selfoss í 2. flokki lenti í 2. sæti.

Á þessu móti voru ekki veitt verðlaun heldur var skipt

niður í deildir út frá árangri á mótinu. Við erum afskaplega stolt af iðkendum okkar.

Við þökkum sjálfbóðaliðum og foreldrum fyrir frábært samstarf á þessum tveimur mótum. Áfram Selfoss!

Fimleikadeild Selfoss



KK yngri á haustmóti á Selfossi.



4. flokkur 1 á haustmóti á Selfossi.



4. flokkur 2 á haustmóti á Selfossi.



4. flokkur 3 á haustmóti á Selfossi.



3. fl. 1 á haustmóti á Egilsstöðum.



3. fl. 2 á haustmóti á Egilsstöðum.



2. fl. á haustmóti á Egilsstöðum.



Gerald Robinson skilaði góðum tölum að vanda.

Hannaðu það sjálfur!

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.



SVARTIR DAGAR

25. NÓVEMBER - 2. DESEMBER

allt að
40%
AFSLÁTTUR
af völdum vörum

- 15% ROYAL CANIN
- 20% GÆLUDÝRAVÖRUR & FÓÐUR
- 15% HESTAVÖRUR
- 20% HESTAFÓÐUR
- 15% FATNAÐUR
- 15% SAUÐFJÁRVÖRUR
- 20% BÆTIEFNI
- 15% VERKFÆRI
- 15% BÚREKSTRARVÖRUR
- 15% OLÍUR & EFNAVÖRUR
- 15% UNDIRBURÐUR
- 15% LEIKFÖNG
- 40% RANDBEITARSTAUR FÍBER
- 40% EINANGRARI FYRIR FÍBERSTAUR
- 15% DELAVAL REKSTRARVÖRUR
- 40% DELAVAL UPPÞVOTTABURSTI

40%



DeLaval



15%

20%
15%



DRAPER®



15%

20%



15%



20%



15%



15%



FRÍ HEIMSENDING á pöntunum yfir 30.000 kr.
í vefverslun www.fodur.is
Gildir í pósthúmer 101-371 og 800-881



FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Kornagarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Dufþaksbraut 1
570 9850

**SENDUM UM
ALLT LAND**

Opinn fundur um bankasölu

Eyravegur 15
lau. 26. nóv.
kl. 11:00

Samfylkingin í Árborg

Hjartans þakkir til allra sem sýndu
okkur hlýju og stuðning við andlát
og útför okkar ástkæra,Jóns Ólafssonar,
Lágengi 12, Selfossi
er lést 20. október.Þakkir fyrir að heiðra minningu hans.
Í Guðs friðiGunnþórunn Hallgrímsdóttir
dætur og fjölskyldur.

Ókeypis blóðsykurmæling

Laugardaginn 26. nóvember verða Lions-
klúbburinn Embla og Lionsklúbbur Selfoss
með ókeypis blóðsykurmælingar í anddyri
Krónunnar á Selfossi frá kl. 12 til kl. 16.
Fólk er hvatt til að mæta.GIMLI
FASTEIGNASALAFRÍTT
SÖLUVERÐMAT

Kæri fasteignaeigandi

Gimli fasteignasala hefur opnað skrifstofu við
Eyraveg 29, 2. hæð, 800 Selfoss.Það er alltaf heitt á könnunni,
endilega kíktu við!Elín Urður Hrafnberg
Löggiltur fasteignasali
S: 690 2602
elin@gimli.is

Hinsegin vika Árborgar 2023

Hinsegin vika Árborgar
verður haldin hátíðleg
í annað sinn vikuna 16.-22.
janúar næstkomandi. Mark-
miðið með vikunni er að fræða
og vera sýnileg. Forvarnarteymi
Árborgar vill hvetja fyrirtæki
sveitarfélagsins til þess að vera
með og gera þessa hátíð að lit-ríkri og skemmtilegri viku.
Þegar síðasta hinsegin vika var
haldin gekk hún vonum framar
og fjöldi fyrirtækja tók þátt.
Það mátti sjá regnbogakökur,
regnbogablómvendi, hinsegin
fánunum var flaggað, regnboga-
skrauti var komið fyrir inn í
fyrirtækjum og út í gluggum ogsvo lengi mætti telja. Nú er um
að gera að gefa ímyndunaraflinu
lausan tauminn og finna leiðir
til þess að halda þessa viku há-
tíðlega. Nánari upplýsingar um
Hinsegin vikuna gefur Dagbjört
Harðardóttir, Forvarnarfulltrúi
Árborgar dagbjort.harðar@ar-
borg.is.

Nýir veitingastaðir í Mjólkurbúíð á nýju ári

Nýir hamborgara- og kjúkl-
ingastaður mun opna í
Mjólkurbúinu á Selfossi á nýju
ári og kemur í stað Smiðjunnar
Brugghúss. Það eru þeir Andri
Björn Jónsson og Árni Evert
Leósson sem standa að nýja
staðnum, en hann hefur ekki
ennþá hlotið nafn. Andri og Árni
þekkja vel til í mathöllinni því
þeir reka þar tvo vinsæla staði,
Takkó og Pasta Romano.„Við munum byggja á sama
grunni og Smiðjan, halda áfram
að bjóða úrvals hamborgara
og kjúkling en með nokkrum
áherslubreytingum. Þótt við
höfum ekki heilt brugghús á
bakvið okkur, þá verðum við
með mikið úrval af bjór“, segja
þeir Andri og Árni. „Þetta fyrsta
ár í Mjólkurbúinu hefur verið
mjög spennandi og við sjáum
mikil tækifæri framundan með
því að stækka reksturinn og
auka fjölbreytnina.“ Þess má
geta að Andri og Árni eru einnig
að opna Takkó stað í hinni nýju
Kúmen mathöll í Kringlunni í
Reykjavík.Þórey Richard Úlfarsdóttir
framkvæmdastjóri og einn eig-
enda Smiðjunnar Brugghúss,
segir það hafa verið mikið
ævintýri að taka þátt í uppbyg-
gingunni í miðbænum, en nú sé
komin tími á breytingu. „Þetta
hefur verið skemmtilegur tími
en hér í Vík í Mýrdal eru okkar
rætur og framundan er mikil
uppbygging á starfsemi okkar
hér, bæði með stækkun á fram-
leiðslu og í aukinni þjónustuvið ferðamenn. Við einfaldlega
sáum ekki fram á að geta sinnt
staðnum á Selfossi með þeim
hætti sem við hefðum viljað
og þegar færi gafst á að koma
rekstrinum í hendur annara þótti
okkur það vera skynsamlegasta
niðurstaðan,“ segir Þórey.Smiðjan starfar áfram í
Mjólkurbúinu í óbreyttri mynd
fram yfir jól og nýir staðir opna
síðan strax á nýju ári.

Aðventuhátíð að Laugalandi

Kvenfélagið Eining Holtum
heldur Aðventuhátíð að
Laugalandi sunnudaginn 27.
nóvember kl 13-16.Tombólan vinsæla – engin
núll. Söluborð með ýmsan varn-
ing til sölu, tónlistarflutningur,
dansatriði, bókaskiptimarkaður
o.fl. Jólaveinar koma í heim-
sókn og kveikt verður á jólatré.
Heitt kakó og vöffur verða
seldar og rennur allur ágóði í
Barnasjóð Einingar.Kvenfélagskonur vonast til
að sjá sem flesta og njóta fyrsta
sunnudags í aðventu saman.

Jólamarkaður Kvenfélags Biskupstungna

Kvenfélag Biskupstungna heldur jólamarkað sinn í Aratungu laugardaginn 26. nóvember kl. 13–17. Mikil spenna ríkir alltaf í kringum markaðinn og sérstaklega nú þar sem hann hefur ekki verið haldinn sl. 2 ár. Á markaðnum er ávallt mikil jólastemning en á boðstólum verður fallegt handverk af ýmsum toga, ásamt öðrum flottum vörum sem auðveldlega gætu ratað í jólapakka. Einnig er hægt að setjast niður í notalegri kaffihúsastemningu og gæða sér á kræsingum af kökuhlaðborði kvenfélagskvenna auk þess að taka þátt í hlutaveltunni sem er alltaf stútfull af skemmtilegum vinningum, einginn núll!

Enn eru nokkur söluborð eftir og hægt að tryggja sér borð hjá maggys@simnet.is eða í síma 864-6961. Piparkökuhúsakeppnin verður á sínum stað og er tekið á móti piparkökuhúsum kl. 12–13 sama dag. Verðlaun fyrir fallegasta og frumlegasta húsið verða afhent kl. 14:00. Allir eru hjartanlega velkomnir.



FRÁ ÁRBORGARPRESTAKALLI

Verið öll hjartanlega velkomin til hátíðlegra samverustunda í upphafi aðventunnar

Aðventukvöld Selfoskirkju 27. nóvember kl. 18

Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari. Barna-, unglinga- og kirkjukórar Selfoskirkju syngja undir stjórn Edit Molnár og Kolbrúnar Berglindar Grétarsdóttur. Eyjólfur Eyjólfsson syngur einsöng. Fjóla Kristinsdóttir bæjarstjóri Árborgar flytur hugleiðingu.

Njótum góðrar og hátíðlegrar stundar við skin aðventuljósanna.

Aðventukvöld í Stokkseyrarkirkju 27. nóvember kl. 20

Guðmundur Brynjólfsson djákni leiðir stundina og flytur íhugun. Kirkjukór Stokkseyrarkirkju syngur sem og barnakór. Organisti og kórstjórnandi er Haukur Arnarr Gíslason.

Aðventukvöld í Eyrarbakkakirkju 4. desember kl. 20

Guðmundur Brynjólfsson djákni leiðir stundina og flytur íhugun. Kirkjukór Eyrarbakkakirkju syngur við undirleik Hauks Arnarrs Gíslasonar.

Aðventukvöld í Hraungerðiskirkju 4. desember kl. 20

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir altari. Kirkjukór Hraungerðiskirkju leiðir sönginn við undirleik Guðmundur Eiríkssonar.

Verið einnig velkomin í sunnudagaskólann í Selfoskirkju kl. 11.

Óskað er eftir tilboðum í rekstur fjallaskála

Bláskógabyggð auglýsir eftir tilboðum í rekstur fjallaskála á Kili. Nánar tiltekið er um að ræða hálendismiðstöðina Árbúðir og fjallaselið Gíslaskála í Svartárbotnum, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, og nánar tilgreindum hesthúsum og hestagerðum á svæðinu.

Óskað er eftir tilboði í rekstur fjallaskálanna til fimm ára frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027. Nýta skal hina leigðu aðstöðu til reksturs ferðaþjónustu.

Þeir sem hafa áhuga á að fá verðfyrirspurnargögn sendi beiðni þess efnis á blaskogabyggd@blaskogabyggd.is.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Bláskógabyggðar eigi síðar en miðvikudaginn 7. desember nk. kl. 11:00 þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim sem þess óska.



Háskólabrú í fjarnámi



Fjarnám á Háskólabrú hentar fullorðnum námsmönnum sem sækjast eftir nýju tækifæri til náms á framhaldsskólastigi óháð búsetu.

Háskólabrú í fjarnámi hefst næst í janúar



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
er opin fimmtudaginn
24. nóv. kl. 13:00-14:30.

OPIÐ HÚS
fim. 24. nóv. kl. 14:45.

HÖRPUKÓRINN
heldur **kökubasar** fös. 25.
nóv. kl. 15:30 og **bingó** kl. 16
í salnum í Mörkinni.

Allir velkomnir.

Hörpukórinn

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

Vöfflukaffi

Vöfflukaffi laugardaginn
26. nóvember milli kl.
11:00 og 12:00 á
Eyravegi 15, Selfossi.
Ragnar Þór Ingólfsson,
formaður VR, og
Vilhjálmur Birgisson,
formaður SGS, mæta
og kynna kjaramál.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bilamálun - Rúðuskipti

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Þorlákskirkja
Sunnudagurinn 27. nóvember,
1. sunnudagur í aðventu -
Aðventuhátíð kl. 16:00. Fjölbreytt
dagskrá. Verum öll velkomin og
hefjum aðventuna með ljúfri
samveru í kirkjunni. Sóknarnefnd
og sóknarprestur.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 26. nóv-
ember. Biblíulexíur kl. 11 og
guðsþjónusta kl. 12, ræðu hefur
Eric Guðmundsson. Verið vel-
komin.

Skálholtskirkja
1. sunnudagur í Aðventu 27.
nóvember. Flæðimessa með
aðventu þema kl. 11.00.
Aðventukvöld í Héraðsskólanum
á Laugarvatni kl. 17.00.

Selfoskirkja
Aðventukvöld Selfoskirkju 27.
nóvember kl. 18. Við tendrum
aðventuljósinn undir aðventusöng
kirkju-, barna-, og unglingakóra
Selfoskirkju. Verið hjartanlega
velkomin.

Stokkseyrarkirkja
Aðventukvöld í Stokkseyrarkirkju
27. nóvember kl. 20. Guðmundur
Brynjólfsson leiðir stundina.
Haukur Arnarr Gíslason leikur á
orgelið. Kirkjukór Stokkseyra-
kirkju leiðir aðventusönginn.

Hveragerðiskirkja
Sameiginlegt aðventukvöld fyrir
Hveragerðis - og Kotstrandar-
sóknir kl. 20. Guðrún Eva
Mínervudóttir flytur hugveku.
Kirkjukór Hveragerðis - og Kot-
strandarsókna syngur, Söngsveit
Hveragerðis og Hverafuglar, Kór
félags eldri borgara í Hveragerði.

Hrunakirkja
Tendrað á ljósum í kirkjugarði
laugardaginn 26. nóv. og helgi-
stund kl. 14 í kirkjunni. Kaffi-
hressing á eftir. Aðventukvöld kl.
20. sunnudaginn 27. nóv. Nem-
endur úr Tónsmíðjunni syngja
og spila ásamt kirkjukór. Ferm-
ingarbörn lesa og Aldís Haf-
steinsdóttir sveitarstjóri flytur
ræðu. Kaffi á eftir í safnaðar-
heimili. Tökum fagnandi á móti
jólaföstunni - sjáumst!

Hrepphóla kirkja
Tendrað á ljósum í kirkjugarði
laugardaginn 26. nóv. og helgi-
stund kl. 15 í kirkjunni. Kaffi-
hressing á eftir. Verið öll vel-
komin!

Félagsheimilið í Árnesi
Aðventuhátíð kl. 15 sunnudag-
inn 27. nóv. Börn úr Þjórsárskóla
sýna helgileik, kirkjukórinn syng-
ur og fermingarbörn lesa. Ræðu-
maður sr. Sigfinnur Þorleifsson.
Kaffi á eftir. Tökum fagnandi á
móti jólaföstunni - sjáumst!



Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is



Vel upplýstir nemendur í Stekkjaskóla

Nemendur í 1. og 2. bekk í
Stekkjaskóla fengu góða
gjöf frá foreldrafélagi Stekkja-
skóla og Sjóvá þriðjudaginn 22.
nóvember síðastliðinn. Sólveig
Ingadóttir kom sem fulltrúi frá
foreldrafélaginu og í samvinnu
við lögregluna fengu nemendur
merkt endurskinsvesti til eignar.
Ívar Bjarki og Magnús frá
lögreglunni á Suðurlandi komu
til okkar, ræddu við börnin um
umferðaröryggi og mikilvægi
þess að nota endurskinsvesti og
endurskinsmerki í skammdeginu.
Börnin voru virkilega áhugasöm
og þökkuðu vel fyrir sig.
Meðfylgjandi eru myndir
af nemendum í 1. og 2. bekk
í endurskinsvestunum sínum.
Skólastjórnendur þakka foreldra-
félaginu innilega fyrir þessa gjöf.

Jólamarkaður
Rauða krossins
í Árnessýslu

Laugardaginn 3. desember verður haldinn
jólamarkaður í húsnæði Rauða krossins
í Árnessýslu að Eyravegi 23 opið verður
frá kl. 12 til 16.

Til sölu verða Vöfflur og heitt kakó og margt fleira
verður á boðstólum.


Tombóla enginn núll. Miðaverði stíllt í hóf. Fjöldi
fyrirtæka á svæðinu gefa vinninga á tombóluna.

Til að panta borð er hægt að hringja
í síma 892 1743 eða senda tölvupóst
á arnessysla@redcross.is.

**Hægt verður fyrir einstaklinga að leigja borð á
5000 kr.**

Og vera með sölubás hjá okkur.

Allur ágóði af sölu á jólamarkaði Rkí
og vöfflusölu rennur til Sjóðsins góða
sem er hjálparsjóður fyrir þá sem
þurfa aðstoð fyrir jólin.



Ljósleiðarinn er tengdur á Stokkseyri



Ljósleiðarinn heldur áfram því metnaðarfulla verkefni að koma sem flestum landsmönnum í besta mögulega samband. Nú hefur Ljósleiðarinn tengt öll heimili og fyrirtæki á Stokkseyri og efla þannig fjar-skipti á svæðinu enn frekar. Með þéttni neti Ljósleiðara-práða tryggir Ljósleiðarinn íbúum á Stokkseyri hraðan, öruggan og hnökralausan aðgang að tækifærum framtíðarinnar.

Ísland er leiðandi í nýtingu ljósleiðara í Evrópu en yfir 100.000 íslensk heimili geta nú nýtt sér þjónustuna frá Ljósleiðaranum.

Af hverju Ljósleiðarinn?

Nú geta öll heimili og fyrirtæki á Stokkseyri aukið hraðann hjá sér þegar efni er streymt með því að gera það með hinu öflugra þúsund þráða ljósleiðaraneti Ljósleiðarans. Þannig er auðveldara að streyma hágæðaeftir í mikinn fjölda tækja á sama tíma. Fyrir utan aukinn hraða á hinu hefðbundna netvafi þá eykur Ljósleiðarinn gæði fjarfunda og myndasímtala umtals-

vert. Hraði og snerpa í netleikjum verður enn betri en í fjölspilunarleikjum getur hraðinn oft á tíðum skipt sköpum. Ljósleiðarinn telur mikilvægt að iðkendur rafíþróttar sitji við sama borð þegar kemur að hraða og hefur á undanföllum árum stutt dyggilega við rafíþróttahreyfinguna sem fer sífellt stækkandi.

„Þetta er spennandi verkefni og löngu kominn tími á að íbúar á svæðinu geti kynnst háhraða

þegar kemur að nettengingum,“ segir Erling Freyr Guðmundsson framkvæmdastjóri Ljósleiðarans. Hann hvetur íbúa á Eyrarbakka jafnframt til að fylgjast með þegar tengingu verður komið á við íbúa á Eyrarbakka á næstu vikum. „Og svo er bara að setja sig í samband við sitt fjarskiptafélag og panta hágæðanettengingu frá Ljósleiðaranum.“

Fjöla Steindóra Kristinsdóttir bæjarstjóri Árborgar fagnar lagningu Ljósleiðarans. „Sveitarfélagið Árborg fagnar mjög þessu framfaraskrefi sem mun sannarlega stuðla að auknum lífsgæðum íbúa okkar og auka samkeppnishæfni svæðisins t.d þegar kemur að störfum án staðsetningar og fleiru. Ljósleiðari er krafa nútímasamfélags og því mikilvægt að koma Stokkseyri í hágæðasamband.“



Fimm leiðir að vellíðan

Árið 2008 var bresku samtökunum New Economic Foundation falið að fara yfir rannsóknir á áhrifaþáttum vellíðunar og finna gagnreyndar aðferðir til að auka vellíðan og lífshamingju.

Samtökin fóru yfir rannsóknir ríflega 400 rannsækenda víða um heim og tóku saman þær aðferðir sem höfðu sterkastan rannsóknargrunn að baki. Fimm leiðir að vellíðan, eða „Five Ways to Wellbeing“, eru afrakstur þeirrar vinnu. Rannsóknir sýna að jafnvel lítilsháttar aukning á vellíðan getur átt þátt í að draga úr sumum geðrænum vandamálum og hjálpað fólki að blómstra í lífinu. Þessar leiðir voru eftirfarandi og búið að þýða fyrir Embætti Landlæknis:

Myndaðu tengsl: Myndaðu tengsl við fólkið í kringum þig, fjölskyldu þína, vini, samstarfsfólk og nágranna. Ræktaðu tengslin heima hjá þér, í vinnunni, í skólanum og í nánasta umhverfi þínu. Líttu á þessi tengsl sem hornsteina lífs þíns og gefðu þér tíma til að hlúa að þeim. Að byggja upp þessi tengsl styrkir þig og auðgar líf þitt á hverjum degi.

Leiðir til að efla tengslin eru

fjölmargar og í raun bara hugmyndaflugið sem heftir fólk í því. Tilvalið er að gera eitthvað saman og skapa með því góðar minningar. Það eflir líka tengslin að hjálpast að við þau verkefni sem fyrir liggja.

Hreyfðu þig: Farðu út að ganga eða í sund. Njóttu útivistar. Hjólaðu. Farðu í leiki. Ræktaðu garðinn. Dansaðu. Hreyfing færir þér vellíðan. Það er mikilvægasta er að finna hreyfingu sem þú hefur gaman af og hentar líkamlegu ástandi þínu og getu.

Það eykur líkurnar á að það takist ef þú færð vin eða fjölskyldumeðlim til að vera með þér í hreyfingunni. Flestum finnst bæði skemmtilegra og auðveldara að hreyfa sig með öðrum. Það eflir líka tengslin og þannig má segja að tvær flugur séu slegnar í sama högginu.

Taktu eftir: Haltu í forvitnina. Taktu eftir hinu óvenjulega. Veittu árstíðabreytingum athygli. Njóttu augnablikins, hvort sem þú ert úti að ganga, að borða hádegismat eða tala við vini þína.

Vertu vakandi fyrir veröldinni í kringum þig og hvernig þér líður. Að leiða hugann að því sem þú upplifir hjálpar þér að meta það sem skiptir þig máli.

Bjarnheiður Böðvarsdóttir,
hjúkrunarfræðingur



Haltu áfram að læra: Prófaðu eitthvað nýtt. Rifjaðu upp gamalt áhugamál. Skráðu þig á námskeið. Taktu að þér ný verkefni. Lærðu að spila á hljóðfæri eða elda uppáhaldsmatinn þinn.

Settu þér markmið sem þú munt hafa gaman af að ná. Það er skemmtilegt að læra nýja hluti og eykur sjálfstraustið.

Gefðu af þér: Gerðu eitthvað falllegt fyrir vin þinn eða ókunnuga manneskju. Sýndu þakklæti. Brostu. Gefðu af tíma þínum. Taktu þátt í félags- eða sjálfböðastarfi.

Fjölmörg góðgerðafélög eru rekin af sjálfböðaliðum og innan íþróttafélaganna er alltaf þörf fyrir vel meinandi sjálfböðaliða. Hikaðu ekki við að taka að þér verkefni fyrir félagsskap sem þú tengist eða hefur áhuga á.

Pistillinn er birtur í tengslum við Forvarnarviku HSU þar sem í ár er lögð áhersla á streitu og lífstíl.

Jólabingó

Hið árlega jólabingó Kvenfélags Eyrarbakka verður haldið á Stað

miðvikudaginn 30. nóvember nk. húsið opnar kl.19.00

Fjöldi góðra vinninga

Allur ágóði rennur til líknarmála

Bingónefndin

Stekkjaskóli - stuðningsfulltrúar óskast



Stekkjaskóli er nýr grunnskóli á Selfossi sem tók til starfa haustið 2021. Í dag fer starfið fram í færanlegum kennslustofum og í byrjun árs 2023 verður 1. áfangi nýbyggingar skólans tekinn í notkun. Í dag eru 172 nemendur í skólanum í 1.-5. bekk. Fullbyggður verður skólinn fyrir um 500 nemendur í 1.-10. bekk. Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, tækni og nýsköpun, skapandi skólastarf, umhverfismál og jákvæðan skólabrag.

Óskað er eftir tveimur stuðningsfulltrúum í 75% stöðuhlutfall frá og með 1. janúar eða eftir samkomulagi. Markmið starfsins er að auka sjálfstæði og færni nemenda námslega, félagslega og í daglegum athöfnum. Leitað er eftir áhugasömum og samviskusömum starfsmönnum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Formlegt próf af styttri námsbraut er æskilegt, s.s. stuðningsfulltrúanám, félagsliðanám o.s.frv
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af vinnu með börnum er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 4. desember 2022.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Nánari upplýsingar um störfin veitir Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilm-arb@stekkjaskoli.is , sími 480-1600 og Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri, astros@stekkjaskoli.is , sími 480-1600. Sjá einnig heimasíðu skólans www.stekkjaskoli.is.

Umsóknum fylgi rökstuðningur fyrir hæfni í starfið. Allar umsóknir eru gildar í sex mánuði.



Fyrsta skóflustungan tekin að íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Fyrsta skóflustunga að íbúðakjarna fyrir fatlað fólk að Nautahaga 2 var tekin föstudaginn 18. nóvember. Í kjölfarið var samningur Mineral ehf og Arnardrangs hses undirritaður í Grænumörk.

Með ákvörðun stjórnar Bergisans og samþykkis aðildarsveitarfélaga var ákveðið að ráðast í stofnun hses félags en það rekstrarfyrirkomulag miðar að sjálfbærni byggingar og reksturs húsnæðis fyrir fatlað fólk. Málaflokkur fatlaðs fólks var fluttur frá ríki til sveitarfélaga árið 2011. Frá þeim tíma hefur ekki verið byggt húsnæði fyrir fatlað fólk í umdæmi Bergisans en nýjasti íbúðakjarninn- Birkimörk, var byggður árið 2007.

Það er mikilvægt að fólk sem vill búa á eigin heimili geti látið þann draum ræstast. Þörfin á svæðinu er mikil og því fagnaðarefni að við séum að fara af stað með bygginu sex íbúðakjarna sem mun veita sértæka þjónustu í samræmi við kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum.

Undirbúningur þessa verkefnis hefur verið í gangi frá árinu 2018. Margar hendur hafa komið að verkefninu en segja má að það hafi að fullu farið af stað árið 2020 með greiningu

á lóðarkostum og grunn þarfragreiningu. Í kjölfarið var unnin ítarleg þarfragreining þar sem fjöldi hagsmunaaðila kom að en í slíku ferli þarf að vanda mjög vel til verka enda húsnæðið hannað út frá ákveðnum þörfum sem miða að því að íbúar lifi sjálfstæðu lífi.

Þeir aðilar sem hafa komið að verkefninu eru stjórn Bergisans, byggingarnefnd verkefnisins og matsnefnd, fulltrúar notendaráðs fatlaðs fólks, fulltrúar forstöðumanna og ráðgjafa

Að auki komu að ferlinu ytri ráðgjafar frá Verkís, VSB og ÁS styrktarfélagi sem hefur langa og mikla reynslu af byggingu og rekstri húsnæðis fyrir fatlað fólk ásamt HLH ráðgjöf.

VSB verkfræðistofa hefur verið í samstarfi um undirbúning verkefnisins og mun halda áfram að halda utan um verkefnið samkvæmt samningi þar um.

Ákveðið var að fara í alútboð og bárust tvö tilboð í verkið. Matsnefnd um verkefnið fjallaði um tilboðin eftir fyrirframgefnu viðmiðum og varð niðurstaðan sú að óska eftir samvinnu við fyrirtækið Mineral ehf. Hafa aðilar í kjölfarið átt í samningaviðræðum og samvinnu um hönnun hússins.

Tímalína verkáætlunar verður uppfærð miðað við þær tafir

sem hafa orðið en núverandi tímaás miðar við að tilvonandi íbúar geti flutt inn í lok janúar 2024.

Dagmar Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Mineral undirritaði samninginn fyrir hönd Mineral ehf og Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, stjórnarformaður Arnardrangs hses, fyrir hönd félagsins. Í panil sátu Bjarki Guðmundsson, hönnunarstjóri og Ása Valdís Árnadóttir, stjórnarmaður Arnardrangs. Fjarverandi var Anton Kári Halldórsson, stjórnarmaður Arnardrangs.



**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar

Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Freint um allt Suðurland

**VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert
kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

**TAXI
SELFOSSI**
482-3800

**Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi**

*Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús*

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson Vilmundur Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfarabjónusta



Guðni G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**


www.vinnuvelaskolinn.is



**Fæst hjá
BYKO Selfossi**

**Hjólbarðabjónusta
Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

**Rétting
og málun**

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020



**Bilaspurtaun - Bilaréttingar
Bílruðuskipti**

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is